

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Hörgár og vatnasvæði hennar.

	Einingar:
1. Hvammur	1
2. Skipalón	10
3. Glæsibæjarhreppur	2
4. Gásir	1
5. Hlaðir	4,5
6. Tréstaðir	1
7. Djúpárbakki	4
8. Grjótagarður	1
9. Laugaland	5,5
10. Krossastaðir	3
11. Vaglir	3,5
12. Skógar og Steðji	3,5
13. Neðri-Vindheimar og Ás	2,5
14. Efri-Rauðalækur	0,5
15. Neðri-Rauðalækur	0,5
16. Hamar	0,5
17. Ytri-Bægisá I, II	3,5
18. Ós	7
19. Ásláksstaðir	3
20. Hof	2,5
21. Möðruvellir I, II	5
22. Spónsgerði	1,5
23. Björg	1,5
24. Litli-Dunhagi	2
25. Stóri-Dunhagi	1
26. Þrihyrningur	0,5
27. Auðbrekka og Hólkot	3
28. Brakandi og hálfur Bláteigur	1,5
29. Fornhagi	1,5
30. Dagverðartunga og hálfur Bláteigur	2,5
31. Skriða	7,5
32. Langahlíð og Hallfríðarstaðakot	6
33. Hallfríðarstaðir	3
34. Öxnhóll	3
35. Barká	2
36. Þúfnavellir I, II, Gerði, Sörlatunga	8
37. Myrká	2,5
38. Myrkárbakki og Myrkárdalur	2,5
39. Flaga	2,5
40. Búðarnes, Bás, Skjaldarstaðir, hálfur Hraunshöfði	10,5
41. Staðartunga	11
42. Miðhálsstaðir	3
43. Bakki og hálfur Hraunshöfði	6
44. Auðnir	3
45. Hvamm og Varmavatnshólar	8
46. Háls og Þverbrekka	9
47. Bakkasel og Bessahlaðir	11,5

B 18

	Einingar:
48. Gloppa	9
49. Engimýri, Garðar og Fagranes	14
50. Hólar	4,5
51. Þverá	2
52. Steinsstaðir	3
53. Steinsstaðir II og Efstalandskot	2
54. Efstaland	3
55. Miðland	2
56. Syðri-Bægisá og Neðstaland	9

Samtals 227,5

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

Pálmi Jónsson.

Guðmunda Ögmundsdóttir.

Nr. 70.

1. mars 1982.

REGLUR

um ferðakostnað sjúklinga innanlands.

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Þurfi sjúklingur itrekað að takast ferð á hendur til þess að njóta óhjákvæmilegrar sérfræðilegrar meðferðar eða eftirlits hjá lækni eða í sjúkrahúsi (með eða án innlagningar), tekur sjúkrasamlag þátt í ferðakostnaði eins og fram kemur í reglum þessum.

2. gr.

Endurgreiðslur eiga sér stað sé um að ræða:

- 1) Geislameðferð æxla,
- 2) lyfjameðferð æxla,
- 3) nýrnabilun (dialysis),
- 4) gláku (aðgerðir eða eftirlit).
- 5) starfræna blindu (augnþjálfun),
- 6) sjónhimnulós af völdum sykursýki (photocoagulatio),
- 7) lýtalækningar í brýnum tilfellum,
- 8) dreyrasyki,
- 9) polycytomia,
- 10) bæklunarlækningar, þegar um barn er að ræða,
- 11) hvítblæði.

Ennfremur er heimilt að endurgreiða vegna annarra sambærilegra tilfella.